

Gönguferð í Núpasveit

Ferðafélagið Norðurslóð fagnar hækkandi sól og óskar félögum sínum alls hins besta á nýju ári.

Fyrsta ganga ársins verður farin nk. laugardag, þann 14. janúar, en þá er ætlunin að ganga í kringum Presthólalón og síðan í Hallveigarlund í Núpasveit. Þetta eru sannkallaðar perlur við þjóðveginn.

Mæting á planið við Presthólalónið kl. 13:00. Mætum vel búin miðað við veður og ekki sakar að hafa með sér einhverja hressingu.



Skeglan í tölvupósti

Hægt er að fá Skegluna senda í tölvupósti um leið og hún er tilbúin, sem er oftast á mánudagskvöldum.

Sendið línu á skeglan@simnet.is ef þið viljið vera á póstlistanum.

Skeglan

Skeglan kemur út alla miðvikudaga nema annað sé auglýst.

Auglýsingar berist á netfangið skeglan@simnet.is eða í síma 892-8202 fyrir kl. 22:00 á mánudagskvöldum.

Skeglan kemur næst út miðvikudaginn 18. janúar 2017.

Gjaldskrá: Hálsíða 2.700,-, heilsíða 3.900,-.

Skeglunni er dreift á hvert heimili allt frá Bakkafirði vestur í Kelduhverfi.

Skeglan

Áb.: Halldóra Gunnarsdóttir

Fréttabréf á Langanesi og nágrenni
2. tbl. 8. árg. Miðvikudagur 11. janúar 2017

Félagsvist



Þriggja kvölda félagsvist verður haldin í Svalbarðsskóla miðvikudagskvöldin 18. janúar, 25. janúar og 1. febrúar og hefst klukkan 20.00.

Spjaldið kostar 1.000 krónur og 500 krónur fyrir grunnskólabörn og verður spilað hálf t. spjald.

Kaffiveitingar í boði að loknum spilum.

Kvenfélag Þistilfjarðar